

1. nóvember 2018.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Nýsköpunar- og tæknisetur (mál 1803158): Staða á verkefni

Þetta minnisblað er lagt fram í tengslum við önnur fylgigögn undur sama málnúmeri. Síðastliðið vor þegar síðasta fræðsluráð starfaði var lagt fram minnisblað, dagsett 13. febrúar 2018, til að kynna hugmynd að nýsköpunar- og tæknisetri fyrir Hafnarfjörð. Það skyldi vera staðsett í húsnæðinu sem hýsir Námsflokka Hafnarfjarðar í dag, áður Lækjarskóla, í Menntasetrinu við Lækinn sem ákjósanlegasti kosturinn vegna þess sérhannaða húsnæðis sem væri þar til staðar og hentaði umræddri starfsemi vel. Minnisblaðið var lagt fram á 390. fundi ráðsins þann 21. mars 2018 þar sem eftirfarandi var bókað:

Fræðslustjóra falið að útfæra og kostnaðarmeta hugmyndina nánar og leggja fyrir fræðsluráð og kanna sérstaklega hvort Menntasetrið við Lækinn sé ekki vænleg staðsetning.

Meginefni hugmyndarinnar er að 21. öldin mun í enn frekara mæli en áður krefjast mikillar tækniþekkingar og nauðsyn skapandi vinnu í öllu námi og starfi. Því var sett fram sú hugmynd að í Menntasetrinu yrði sett á laggirnar sérstakt Nýsköpunar- og tæknisetur sem myndi gera Hafnarfirði kleyft að vera í forystu um tækni og nýsköpun sem kæmi samfélaginu til góða en ekki síst leik- og grunnskólum. Möguleikarnir væru óþrjótandi og hér væri einnig komin hugmynd um að búa til „námsflokka 21. aldarinnar“ út frá nýjum samfélagsaðstæðum. Því nám (líka námsflokkar sem óformlegt nám fullorðinna) er enn mikilvægara en áður – sem lífslangt verkefni sérhvers einstaklings (í alþjóðlegri umræðu til dæmis sem hugmyndir um „lifelong learning“, „learning communities“ og „growth mindset“).

Fræðslustjóri fól þeim sömu og undirrituðu minnisblaðið að vinna frekar að þróun hugmyndarinnar. Hópurinn hefur hist nokkrum sinnum og rætt við ýmsa aðila. Hann vill nú kynna stöðu málsins þótt hópurinn hefði viljað vera kominn lengra í undirbúningi sínum á þessum tímavarki en nú er raunin. Hópurinn vill samt á þessum tímavarki lýsa yfir því sjónarmiði sínu að verkefnið hefur fengið jákvæð viðbrögð og hann er sjálfur enn sannfærðari en áður um mikilvægi verkefnisins. Sem þurfi að þróa betur áður en hægt er að taka stórar ákvarðanir um framtíð þess.

Frá því að við fengum verkefnið frá fræðslustjóra í vor höfum við haldið marga samráðsfundi. Við komum á sérstökum fundi með Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins í vor. Þeir voru áhugasamir að vinna með okkur. Þannig lögðu þeir til mannskap og hugmyndavinnu í sérstakan vinnufund til að skoða þessa hugmynd frekar. Fundurinn var haldinn í júní í Menntasetrinu við Lækinn með nálægt 20 manna hópi eða gestum sem boðið var til umræðunnar. Samantekt úr þeirri hugmyndavinnu er annað fylgigagn með þessu minnisblaði. Við fylgdum vinnustofunni eftir með fundi með þeim. Þeir vilja áfram vera með í aðstoða okkur við að móta og þróa hugmyndina frekar.

Þá höfum við hitt Theodór Hallsson, forstöðumann Námsflokka Hafnarfjarðar. Hann hefur tekið mjög jákvætt í þessa hugmynd og unnið mikið með okkur.


Einnig höfum við hitt fræðslufulltrúa hjá Samtökum atvinnulífsins, Jóhönnu Arnardóttur, og stjórnanda GERT verkefnisins (sjá <http://gert.menntamidja.is/>) sem tók einnig jákvætt í samstarf við okkur um þessa hugmynd til að skoða nánar.

Þá fylgir einnig með minnisblaðinu þriðja fylgigagnnið sem er frekari útfærsla á þessu verkefni sett er upp í smá „viðskiptalíkan“. Það á þó eftir að útfæra frekar og telst vera drög í bili.

Við höfum stefnt að því að útfæra þessa hugmynd enn frekar. Aftur á móti hefur haustið kallað okkur í önnur verkefni sem hafa þurft að láta mæta forgangi í störfum okkar. En vilji okkar stendur til þess að útfæra hugmyndina enn frekar með öllum þeim aðilum sem við höldum að séu heppilegir samstarfsaðilar um þessa hugmynd. Ekki síst fyrirtæki á sviði tækni og hönnunar. Svo við biðjum um meiri tíma til að þróa verkefnið frekar og fá að koma með ítarlegri hugmyndir til fræðsluráðs sem fyrst á nýju ári.

Virðingarfyllst,


Bjarnís Fjola Jónsdóttir, kennslufulltrúi í upplýsingatækni


Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri Hafnarfjarðar


Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla